

*Endurákvörðun aðflutningsgjalda

Úrskurður nr. 7/1998

Í málinu endurákvörðaði tollstjóri aðflutningsgjöld á 22 vörusendingar. Tollstjóri taldi að fram hefðu verið lagðir falsaðir vörureikningar með aðflutningsskýrslum. Kærandi krafðist þess að endurákvörðunin væri úrskurðuð ólögmat þar sem hana skorti lagastoð. Þá taldi hann að tollstjóri hefði verið vanhæfur til þess að fjalla um málið. Ríkistollanefnd staðfesti endurákvörðun tollstjóra.

Lög nr. 55/1987, 16. gr., 32.gr., 98.gr., 99. gr., 100. gr., 101. gr., 108. gr., 111. gr.
Stjónsýslulög nr. 37/1993, 1. gr., 3. gr.
Lög um einkahlutafélög nr. 138/1994

Með bréfi, dags. 9. nóvember 1998, kærði A, fyrir hönd A-bíla ehf., endurákvörðun tollstjórans í R á aðflutningsgjöldum af 22 vörusendingum, sem fyrirtækið flutti inn á árunum 1996 og 1997.

Í hinni kærðu endurákvörðun tollstjórans frá 15. maí 1998 segir m.a. að við athugun tollyfirvalda hafi komið í ljós, að með aðflutningsskýrslum vegna ofangreindra 22 vörusendinga hafi verið lagðir fram við tollafgreiðslu falsaðir vörureikningar, sem sýndu mun lægra innkaupsverð en raunverulega var greitt fyrir vöruna. Tollstjóri hafi undir höndum afrit af reikningum, sem seljendur umræddra vara létu íslenskum yfirvöldum í té fyrir milligöngu danskra tollyfirvalda. Reikningar þessir sýni það verð, sem raunverulega hafi verið greitt fyrir vöruna og sé endurákvörðunin byggð á því. Fyrirtækið hafi í öllum tilvikum lagt fram aðflutningsskýrslur, þar sem upplýsingar um verð og annað, sem máli skiptir varðandi álagningu aðflutningsgjalda, hafi verið tilgreint og hafi upplýsingarnar verið í samræmi við þau fylgiskjöl, sem fylgdu aðflutningsskýrslunum, þar með taldir vörureikningar, sem síðar hafi komið í ljós að voru falsaðir og tilgreindu lægra innkaupsverð en raunverulega var greitt fyrir þær. Aðflutningsskýrslurnar hafi í öllum tilfellum verið undirritaðar af prókúruhafa fyrirtækisins og upplýsingarnar gefnar fyrir þess hönd.

Tollstjóri telur með vísan til 2. mgr. 16. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum, að það sé alfarið á ábyrgð fyrirtækisins og þeirra, sem höfðu rétt til að skuldbinda það, að gefnar voru rangar upplýsingar þannig að ekki hafi verið unnt að byggja rétta álagningu aðflutningsgjalda við tollafgreiðsluna. Jafnframt hvíli ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda á sömu aðilum, sbr. 1. mgr. 111. gr. tollalaga. Tollstjóri endurákvörðaði gjöld á eftirtaldar sendingar:

...			
S ARN 26 03 7 DK AAR W042	VANGR. VÖRUGJ. OG VSK.	kr.	1.370.959
S ARN 26 03 7 DK AAR W041	VANGR. VÖRUGJ. OG VSK	kr.	2.064.228
S ARN 01 07 7 DK AAR V022	VANGR. VÖRUGJ. OG VSK.	kr.	1.038.976
S ARN 01 07 7 DK AAR V018	VANGR. VÖRUGJ. OG VSK	kr.	735.983
S ARN 01 07 7 DK AAR V023	VANGR. VÖRUGJ. OG VSK.	kr.	1.266.252
S ARN 01 07 7 DK AAR V021	VANGR. VÖRUGJ. OG VSK	kr.	1.050.335
S URN 15 05 6 DK AAR W024	VANGR. VÖRUGJ. OG VSK.	kr.	903.248
S ARN 03 03 7 DK AAR S005	VANGR. VÖRUGJ. OG VSK	kr.	1.195.535
S URN 26 06 6 DK AAR W033	VANGR. VÖRUGJ. OG VSK.	kr.	1.006.435
S DIS 13 08 6 DK AAR W020	VANGR. VÖRUGJ. OG VSK	kr.	900.048
S DIS 13 08 6 DK AAR W017	VANGR. VÖRUGJ. OG VSK.	kr.	1.203.724
S DIS 27 8 6 DK AAR W030	VANGR. VÖRUGJ. OG VSK	kr.	2.473.302
S DIS 06 11 6 DK AAR V014	VANGR. VÖRUGJ. OG VSK.	kr.	1.287.910
S ARN 27 11 6 DK AAR W043	VANGR. VÖRUGJ. OG VSK	kr.	955.079
S ARN 27 11 6 DK AAR W039	VANGR. VÖRUGJ. OG VSK.	kr.	350.087
S ARN 11 12 6 DK AAR W046	VANGR. VÖRUGJ. OG VSK	kr.	315.306
S DIS 19 02 7 DK AAR W048	VANGR. VÖRUGJ. OG VSK.	kr.	1.190.452
S ARN 21 05 7 DK AAR W017	VANGR. VÖRUGJ. OG VSK	kr.	279.959
S HEG 02 09 7 DK AAR W029	VANGR. VÖRUGJ. OG VSK.	kr.	952.945
S ARN 23 09 7 DK AAR W038	VANGR. VÖRUGJ. OG VSK	kr.	127.910

S ARN 23 09 7 DK AAR W037	VANGR. VÖRUGJ. OG VSK.	kr.	663.093
S URN 20 08 6 DK AAR W025	VANGR. VÖRUGJ. OG VSK	kr.	269.505

Samtals er vangreitt vörugjald og virðisaukaskattur 21.601.271 kr.

Í kæru sinni til ríkistollanefndar frá 9. nóvember s.l. krefst umboðsmaður kæranda þess að endurákvörðunin verði felld úr gildi. Kröfu sína byggir hann á því að skort hafi á skilyrði fyrir endurákvörðun gjaldanna. Umboðsmaðurinn telur að frestir til handa tollstjóra til endurákvörðunar hafi verið liðnir, sbr. 2. mgr. 99. gr. tollalaga. Enn fremur telur hann að skilyrði til beitingar 1. tl. 5. mgr. 99. gr. sömu laga hafi ekki verið fyrir hendi og að það sé tollstjórans í R að sanna að efnisleg skilyrði þessa töluliðar hafi verið fyrir hendi og áréttar að heimildir til álagningar skatta á borgarana beri að skýra þröngt. Þá telur hann að tollstjórinn í R hafi verið vanhæfur til að fjalla um málið.

Umboðsmaðurinn heldur því fram að þegar forsvarsmenn umbjóðanda hans hafi byrjað innflutning á notuðum bílum, hafi þeir fengið fyrrum forsvarsmann B-bíla til að aðstoða sig, enda hafi þá skort bæði kunnáttu og reynslu við innflutning og meðferð tollskjala. Þeir hafi á hinn bóginn ekki haft hugmynd um þá ólöglegu starfsemi sem hann kveður aðstoðarmann þeirra og tiltekinn starfsmann tollstjóraembættisins hafi staðið fyrir. Hin ólögmeta starfsemi er sögð hafa falist í vafasömu verðmati á bifreiðum og endurgreiðslum á vörugjöldum og virðisaukaskatti. Umboðsmaðurinn heldur því fram að forsvarsmenn umbjóðanda hans hafi verið fórnarlömb í málinu því þessir menn, þ.e. aðstoðarmaðurinn og tollstarfsmaðurinn hafi náð að blekkja þá með ýmsum hætti. T.d. hafi það verið að undirlagi þeirra að kærandi skilaði inn til tollafgreiðslu undirrituðum en óútfylltum aðflutningsskýrslum. Ofangreindur starfsmaður tollstjóra hafi síðan séð um að fylla skýrsluna út að fengnum reikningum frá áður nefndum aðstoðarmanni kæranda. Kærandi hafi verið algerlega grunlaus um að þetta fyrirkomulag hafi átt sér annarlegar ástæður.

Umboðsmaðurinn telur að einhverjar eða allar eftirtalinn skýringa kunni að vera ástæða fyrir því að þessir menn hafi falsað innkaupsreikninga þannig að aðeins hluti innkaupsverðsins kæmi fram við tollafgreiðslu. Í fyrsta lagi að aðstoðarmaðurinn, en hann annaðist innkaupin erlendis, hafi talið sig vera að gera fyrirtækinu greiða eða hafi talið þetta eðlilegan viðskiptamáta. Í öðru lagi að með þessu móti hafi aðstoðarmaðurinn og starfsmaður tollstjóra, talið sig hafa „eitthvað á“ kæranda. Í þriðja lagi að aðstoðarmaðurinn kunni að hafa dregið sér svo mikið fé erlendis frá kæranda að nauðsynlegt hafi verið að spara útgjöld á öðrum stöðum. Er þetta langlíklegasta skýringin að mati umboðsmanns kæranda. Loks grunar umboðsmann kæranda að fyrirtæki það, sem kærandi hafi átt viðskipti við erlendis, hafi svikið umbjóðanda sinn í viðskiptum og gert reikninga fyrir herra verði en umsamið hafði verið.

Þó umboðsmaður kæranda telji að framangreindar ástæður kunni að þykja ótrúverðugar og virka við fyrstu sýn sem einskonar yfirlýsing verði að hans mati að telja þær raunhæfar þegar höfð eru í huga þau kynni, sem hann hefur haft af forsvarsmönnum kæranda og aðstoðarmanninum er innkaupin annaðist fyrir fyrirtækið erlendis.

Að mati umboðsmanns má af framansögðu sjá að kærandi hafi verið fórnarlamb starfsmanns tollstjóra. Hann hafi tekið þátt í að véla forsvarsmenn fyrirtækisins til að senda sér óútfylltar tollskýrslur. Kærandi hafi engan hagnað haft af brotunum heldur hafi þetta verið liður í að brjóta á honum og líklega liður í að hafa af honum fé. Þessi atvik telur hann ekkert eiga skylt við þau atvik, sem gert er ráð fyrir í 99. gr. tollalaga. Þau séu af allt öðrum meiði. Það að undirrita „blankó“ tollskýrslu og treysta starfsmanni tollstjóraembættisins til að gera hlutina rétt, geti ekki fallið undir ranga upplýsingagjöf að mati umboðsmanns kæranda.

Til stuðnings þeirri fullyrðingu sinni að tollstjórinn í R hafi verið vanhæfur í málinu, bendir umboðsmaður kæranda á að ljóst sé að tollstjóri þurfi að verja embætti sitt og embættisfærslu starfsmanna sinna. Það muni auka á álitshnekki embættisins ef ekki væri hægt að leggja viðbótartollinn á innflytjandann. Tollstjóri hafi því orðstír sinn persónulega að verja með innheimtu þessara aðflutningsgjalda af umbjóðanda hans eða a.m.k. að leggja þau á hann. Telur umboðsmaður kæranda að hlutlægt sé að ástæða til að óttast að óviðkomandi sjónarmið hafi haft áhrif á ákvörðun um álagningu gjalda.

Að lokum reifar umboðsmaður kæranda ýmis atriði úr framburði starfsmanns tollstjóra, sem tengist yfirstandandi lögreglurannsókn á máli hans, forsvarsmanna kæranda og þess, sem annaðist innkaup fyrir hann erlendis. Rannsóknin á rætur að rekja til beiðni tollstjórans í R frá 30. október 1997 um opinbera rannsókn á innflutningi kæranda.

Í umsögn ríkistollstjóra sem barst nefndinni þann 30. nóvember sl., segir m.a. að samkvæmt 16. gr. tollalaga nr. 55/1987 beri innflytjandi ábyrgð á því að upplýsingar, sem veittar eru og veita ber í aðflutningsskýrslu og öðrum tollskjölum, séu réttar. Hafi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar verið látnar í té við tollafgreiðslu á frestur tollstjóra samkvæmt 2. mgr. 99. gr. tollalaga til þess að ljúka endurákvörðun aðflutningsgjalda ekki við. Þetta er áréttað í dómi Hæstaréttar í máli nr. 33/1994 frá 15. febrúar 1996, þar sem segir: „ (...) verður áfrýjandi talinn ábyrgur fyrir hinni röngu tilgreiningu í tollskjölum. Tollstjóra var því heimil endurákvörðun gjalda á áfrýjanda samkvæmt 3. mgr. 32. gr. tollalaga. Þar sem gögn áfrýjanda voru samkvæmt framansögðu ekki fullnægjandi á

frestur samkvæmt 1. mgr. 99. gr. tollalaga ekki við og eru skilyrði 98. og 99. gr. laganna að öðru leyti uppfyllt.“ Ríkistollstjóri telur skilyrði 1. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga til endurákvörðunar aðflutningsgjalda uppfyllt í þessu máli, þar sem ákvæðið byggir á hlutlægu mati á því hvort framlögðum gögnum hafi verið áfátt. Þannig hafi ekki verið hægt að byggja á þeim rétta álagningu aðflutningsgjalda, enda sé markmiðið með ákvæðinu að tryggja rétta innheimtu aðflutningsgjalda. Jafnframt tekur ríkistollstjóri fram að ákvæði 2. mgr. 108. gr. tollalaga komi ekki til álitu við skýringu á 1. tölul. 5. mgr. 99. gr. sömu laga.

Þá fellst ríkistollstjóri ekki á það með umboðsmanni kæranda, að tollstjóri hafi verið vanhæfur til meðferðar málsins sökum þess að hann hafi þurft að verja heiður embættisins og eigin orðstír við endurákvörðunina. Telur hann að þetta eigi ekki við rök að styðjast. Þvert á móti telur hann að tollstjóri skuli endurávarða aðflutningsgjöld þegar efnisleg skilyrði séu fyrir hendi og sú aðgerð miðist við hlutlæga þætti og heimildum til mats og virðingar sé þröngur stakkur skorinn. Því sé eðli málsins ekki með þeim hætti að almennt megi telja hættu á að ómálefnaleg sjónarmið geti haft áhrif á ákvörðun í málinu. Að mati ríkistollstjóra þurfi almennt að gera þá kröfu að tollstjórinn eigi einstaklegra hagsmuna að gæta eigi hann að teljast vanhæfur til meðferðar máls. Ríkistollstjóri telur að umbjóðandi kæranda hafi ekki sýnt fram á að svo hafi verið. Að lokum bendir hann á að tollstjóra beri með vísan til tollalaga að úrskurða í kærumálum, þegar ákvarðanir embættisins um gjaldskyldu, tollflokkun, tollverð eða fjárhæð gjalda orka tvímælis að mati innflytjanda.

Með vísan til þessa og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar tollstjóra gerir ríkistollstjóri þá kröfu að endurákvörðunin verði staðfest.

Með bréfi, dags. 16. desember 1998, var kæranda gefinn kostur á að tjá sig um kröfur ríkistollstjóra í málinu. Í svari, sem barst nefndinni sama dag, mótmælir umboðsmaður kæranda afstöðu ríkistollstjóra og lögskýringum hans og vitnar til kæru sinnar í því sambandi.

Ríkistollanefnd hefur farið yfir málskjöl og kynnt sér framlögð gögn. Ekki verður annað ráðið en að aðilar séu sammála um að þær upplýsingar, sem lagðar voru til grundvallar við tollafgreiðslur, sem endurákvörðun tollstjóra lýtur að, hafi verið rangar og að þær hafi leitt til þess að aðflutningsgjöld af umræddum vörusendingum voru ákveðin lægri en lög gera ráð fyrir. Samkvæmt 16. gr. tollalaga nr. 55/1987 ber innflytjandi ábyrgð á því að upplýsingar, sem veittar eru og veita ber í aðflutningsskýrslu og öðrum tollskjölum, sem lögð eru eða leggja ber fram við tollafgreiðslu vöru, séu réttar. Ákvæði þetta verður ekki skilið á annan veg en þann, að ríkar kröfur séu gerðar til innflytjanda um vönduð vinnubrögð við frágang tollskjala.

Kærandi í máli þessu, A-bílar ehf, stundaði m.a. innflutning og sölu á notuðum bifreiðum í atvinnuskyni. Forsvarsmönnum félagsins máttu því vera ljósar þær reglur, sem gilda um útfyllingu og frágang aðflutningsskýrslna og hvaða þýðingu það hefur að rita undir þær. Félagið verður því að bera hallann af því sé út af reglum þessum brugðið. Þá er einnig til þess að líta að lög um einkahlutafélög nr. 138/1994 með síðari breytingum, leggja margvíslegar skyldur á hendur stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra einkahlutafélags. Þeim ber m.a. að sjá til þess að starfsemi félagsins, þ.á m. allt er tengist skuldbindingum, fjárreiðum, og bókhaldi, sé lögum samkvæmt auk þess sem þeim ber að hafa eftirlit með því að svo sé. Í ljósi þessa þykir félagið ekki geta borið fyrir sig vanþekkingu á reglum, sem gilda um innflutning og ákvörðun aðflutningsgjalda.

Í 1. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987 er kveðið á um að tollstjóri skuli endurávarða innflytjanda aðflutningsgjöld ef í ljós kemur að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar skal hann hafa lokið endurákvörðuninni innan 60 daga hafi innflytjandi látið tollstjóra í té við tollafgreiðslur fullnægjandi upplýsingar og gögn, sem byggja mátti rétta álagningu aðflutningsgjalda á. Í greinargerð með 99. gr. frumvarpsins að lögum nr. 55/1987 segir m.a. svo: „Lagt er til með greininni, að tiltekinn verði ákveðinn frestur, allt að sextíu dagar fyrir hvorn aðila, til þess að krefjast leiðréttingar. Framangreind tímamörk gilda þó m.a. ekki, ef innflytjandi vissi eða mátti vita um rétta tollmeðferð vörunnar“. Samkvæmt 1. tölul. 5. mgr. 99. gr. er tollstjóra heimilt að endurávarða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann hafi framlögðum gögnum eða þeim upplýsingum, sem látin voru í té við tollafgreiðslu, verið áfátt þannig að ekki hafi verið unnt að byggja á þeim rétta álagningu aðflutningsgjalda. Jafnframt er tekið fram að ekki skipti máli í því sambandi hvort innflytjandi eða sá, sem ráðstafaði vöru til tollafgreiðslu, hafi vitað eða mátti vita um réttmæti þessara gagna eða upplýsinga.

Eins og áður er rakið er ekki ágreiningur í málinu um að gögn þau, sem lögð voru til grundvallar tollafgreiðslu vörusendinganna, hafi verið ófullnægjandi. Í því ljósi og með vísan til þess, sem nú hefur verið rakið, verður að fallast á það með ríkistollstjóra að skilyrði 1. tölul. 5. mgr. 99. gr. tollalaga til endurákvörðunar aðflutningsgjalda hafi verið uppfyllt í málinu. Tollstjóra var því, þrátt fyrir tímamörk 2. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, heimilt að endurávarða aðflutningsgjöld hinn 15. maí 1998 af umræddum 22 vörusendingum, þar sem framlögðum gögnum var áfátt. Á sama hátt er fallist á það með ríkistollstjóra að 2. mgr. 108. gr. tollalaga komi ekki til álitu við skýringu á 1. tölul. 5. mgr. 99. gr. sömu laga.

Umboðsmaður kæranda heldur því jafnframt fram að ljóst sé að tollstjórinn í R hafi verið vanhæfur til meðferðar málsins, þar sem hann hafi þurft að verja heiður embættis síns og sinn eigin orðstír persónulega með því að ná vangoldnum gjöldum af A-bílum ehf, eða a.m.k. leggja þau á félagið. Þessi krafa er þó ekki frekar rökstudd.

Stjórnsýslulög nr. 37/1993 gilda um stjórnsýslu tollstjórans í R, sbr. 1. gr. þeirra. Um hæfi tollstjóra til þess að taka ákvarðanir í einstökum málum gilda eftir því sem við á ákvæði 3. gr. stjórnsýslulaganna. Samkvæmt 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna, sem einkum sýnist koma til skoðunar í þessu sambandi, telst starfsmaður vanhæfur til meðferðar máls, ef fyrir hendi eru aðstæður, sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu. Þetta ákvæði hefur verið skýrt svo að til þess að starfsmaður teljist vanhæfur skv. því verði hann að hafa einstaklega hagsmuni af úrlausn málsins, svo sem ágóða, tap eða óhagræði. Þá verður eðli og vægi hagsmunanna að vera þess háttar að almennt verði talin hætta á að ómálefnaleg sjónarmið geti haft áhrif á ákvörðun hans í málinu.

Að mati nefndarinnar hefur kæranda hvorki tekist að sýna fram á að tollstjórinn í R hafi átt svo einstaklegra hagsmuna að gæta í málinu né að eðli málsins sé með þeim hætti að öðru leyti að almennt hafi mátt telja hættu á að ómálefnaleg sjónarmið kynnu að hafa áhrif á ákvörðun hans, sbr. áður tilvitnuð ákvæði 6. tölul. 3. gr. stjórnsýslulaga.

Í 99. gr. tollalaga er beinlínis mælt fyrir um að tollstjóri skuli endurákværða innflytjanda aðflutningsgjöld ef í ljós kemur að þau hafi ekki verið réttilega ákvörðuð við tollafgreiðslu. Á sama hátt er í 100. gr. tollalaga beinlínis mælt fyrir um það að tollstjóri úrskurði í kærumálum, þegar ákvarðanir hans um gjaldskyldu, tollflokkun, tollverð eða fjárhæð aðflutningsgjalda við tollmeðferð eru vefngdar eða dregnar í efa.

Með vísan til þess sem nú hefur verið rakið er því hafnað að tollstjórinn í R hafi verið vanhæfur til meðferðar málsins.

Að teknu tilliti til þess sem að framan er rakið er kröfu kæranda, um að hin kærða endurákvörðun verði felld úr gildi, hafnað. Ákvörðun tollstjóra skal standa óbreytt.

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, kveður ríkistollanefnd upp svofelldan úrskurð.

Kröfu kæranda er hafnað. Hin kærða endurákvörðun tollstjórans í R á aðflutningsgjöldum af 22 vörusendingum til kæranda skal standa óbreytt.